



Reykjavík 2. mars 2023  
MSS23020162

Lagt fyrir fund öldungaráðs 8. mars 2023

**Efni: Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra**

Umsögn vegna umsóknar Grundar í Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Endurnýja steinsteyptan vegg meðfram Grund við Hringbraut.
2. Veitingaaðstaða fyrir heimilisfólk og þeirra gesti við suðurgarð Grundar.
3. Niðurtogstæki fyrir sjúkráþjálfun.
4. Endurbætur á sjúkrakallskerfi.
5. Búnaður í laufskála suðurgarð Grundar. Hljóðkerfi, skjár og eftirlitsmyndavélar.
6. Endurbætur á herbergjum á þriðju hæð í austurhúsi. Herbergi með sérbaðherbergi.
7. Endurnýjun á stofnlögn til að sprinklervæða Grund.
8. Endurnýjun brunakerfis á Grund. Á stjórnstöð og útstöðvum, skynjara og handboða.
9. Þjálfunartæki í sjúkráþjálfun Markar, sethjól.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varðar nauðsynlegar endurbætur og stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.